

GUNNVÖR S. KARLSDÓTTIR

SAGA AF BEINUM

Um beinafærslu og skrínlagningu Guðmundar Arasonar góða

1. Inngangur

ÆVI GUÐMUNDAR ARASONAR Hólabiskups (1161–1237) varð stormasöm. Hann átti í stöðugum útistöðum við flesta höfðingja landsins en af alþýðu manna hlaut hann kenningarnafnið „hinn góði“. Guðmundur varð ekki síður umdeilur eftir dauðann en hann hafði verið í lifanda lífi. Ritheimildir benda til að þrýst hafi verið á kirkjuyfirvöld að taka Guðmund í heilagra manna tölu en forystumenn kirkjunnar hafi lengi færst undan því að taka bein hans úr jörðu sem helgan dóm. Svo fór að bein Guðmundar voru færð til í mörgum áföngum áður en til skrínlagningar kom og heimildirnar um þetta liggja í brotum í nokkrum miðaldaritum. Ítarlegust þeirra heimilda er svonefnd C-gerð *Guðmundar sögu* en hún hefur ekki birst á prenti nema að takmörkuðu leyti. Ótrúleg vegferð jarðneskra leifa Guðmundar biskups á sér ekki hliðstæðu í íslenskum miðaldaheimildum. Hún er ekki síst forvitnileg vegna þess að þar birtist í senn togstreita milli kirkjuyfirvalda og alþýðu, sem og blendin viðhorf innan kirkjunnar til Guðmundar sjálfs á síðari hluta 13. aldar sem vafalítið hafa haft áhrif á sagnaritun um hann.

Alls voru ritaðar fjórar gerðir *Guðmundar sögu* á 14. öld af jafn mörgum höfundum sem Stefán Karlsson handritafræðingur auðkenndi með bókstöfunum A, B, C og D, með vísan til skyldleika við 13. aldar heimildir en ekki aldurs. Margt er enn óljóst varðandi handritageymd og textatengsl gerðanna fjögurra þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir Stefáns, en nú er B-gerð eftir ónafngreindan höfund almennt talin þeirra elst ásamt jarteinabók og jafnframt elsta heimildin um fyrirboða að helgi Guðmundar og fyrstu tilraunir til að fá bein hans tekin úr jörðu. Í biskupasagnaútgáfu Jóns Sigurðssonar og Guðbrands Vigfússonar er þessi gerð sögunnar nefnd

Miðsaga Guðmundar biskups þar sem hún var þar talin milliliður *Hinnar elstu sögu Guðmundar* (A-gerð) eftir texta *Resensbókar* og *Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta* (D-gerð).¹

C-gerð er hins vegar réttnefndari sú ‚miðsaga‘ sem Jón Sigurðsson og Guðbrandur Vigfússon gerðu ráð fyrir í sagnaritun um Guðmund Arason en í stað þess að standa milli A- og D-gerðar reynist hún milliliður B- og D-gerðar. C-sagan er talin verk Bergs Sökkasonar ábóta á Munka-Þverá og er varðveitt óheil í tveimur pappírshandritum frá 17. öld.² Heillegri textinn var óþekktur fram undir 1960 er Peter G. Foote uppgötvaði hann í handritinu Sth. papp. 4 4to sem nú er í Stokkhólmi. C-gerð hefur alla frásögn B-gerðar af fyrstu beinafærslu Guðmundar og umtalsvert efni að auki um hlutdeild Jörundar biskups Þorsteinssonar (b. 1267–1313) sem ekki er að finna annars staðar. Textinn hefur ekki enn verið gefinn út ef frá er talið brot sem Foote birti í ritgerð í minningarriti um Benedikt S. Þórarinsson³ en sagan er væntanleg í útgáfu Stefáns Karlssonar og Hins íslenska fornritafélags.

Lárentíus saga, sem talin er verk séra Einars Hafliðasonar (1307–93), er meginheimild um formlega upptöku beinanna í biskupstíð Auðuns Þorbergssonar (b. 1313–22) en Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) mun hafa þekkt lengri texta C-gerðar sem hann notaði í tveimur smáritum, öðru um ábóta á Þingeyrum í AM 912 4to en hinu um kirkjubyggingar að Hólum í AM 220 8vo, þar sem segir:

Framar meirr greinir at Kolli smiðr smíðaði at Þverárklaustri ok Auðun byskup fann hann þar, ok sagði Kolli þá til legstaðar

- 1 *Biskupa sögur*, útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson, 2 b. (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858–78). Hér eftir *BS*.
- 2 Sjá nánar Stefán Karlsson, „Guðmundar sögur biskups: Authorial Viewpoints and Methods,“ í Guðvarður Már Gunnlaugsson, ritstj., *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmáli hans 2. desember 1998*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit, 49. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000). Hér eftir verður vitnað neðanmáls til einstakra gerða *Guðmundar sögu* með skammstöfununum *GA*, *GB*, *GC* og *GD* og jarteinabókin auðkennd sérstaklega frá *GB* sem *Jtb*.
- 3 Peter G. Foote, „Bishop Jörundur Þorsteinsson and the Relics of Guðmundr inn góði Arason,“ í Benedikt S. Benedikz, ritstj., *Studia Centennialia in honorem memoriae Benedikt S. Þórarinsson* (Reykjavík: Ísafold, 1961). Allar tilvitnanir í *GC* eru til samræmds texta í útgáfu Stefáns Karlssonar sem væntanleg er á vegum Hins íslenska fornritafélags en frá og með 127. kafla er texti *GC* þegar aðgengilegur í framangreindri útgáfu Foote.

Guðmundar ok síðan fór hann til Hóla þá hans bein upp tekin voru.⁴

Af textabrotinu sést að í C-gerð *Guðmundar sögu* hefur einnig verið frásögn af beinaupptöku Guðmundar 1315 en ekki er ljóst hversu ítarleg hún var. Annálar og fornbréf veita einnig nokkra vitneskju ásamt vísu eftir Arngrím ábóta (d. 1361) sem venja er að telja til *Guðmundar drápu*. Nokkur vafi leikur reyndar á skyldleika vísunnar við drápuna en hún er varðveitt stök í texta D-gerðar í öðru aðalhandriti sögunnar, Holm. Perg. no. 5 fol. Heimildagildi þeirra sagnarita sem hér hafa verið nefnd er ekki fyllilega hægt að leggja að jöfnu. B- og C-gerð *Guðmundar sögu* eru biskupasögur af grein helgisagna, samdar eftir ströngum lögmálum þeirrar bókmenntahefðar um efnistöð og efnisval sem taka þarf tillit til við túlkun. *Lárentíus saga* er aftur á móti biskupasaga af grein veraldlegra ævisagna biskupa og traustari heimild þó taka verði tillit til tilgangs höfundarins með verkinu.

Dýrlingar í kaþólskum sið voru og eru árnaðarmenn jarðneskra manna við almættið og á þá er kallað til bjargar á ögurstundu. Á Íslandi voru erlendir dýrlingar einir vegsamaðir fram undir aldamótin 1200, en þá eignuðust landsmenn sína fyrstu dýrlinga, þá Þorlák Þórhallsson Skálholtsbiskup (b. 1178–93) og Jón Ögmundsson Hólabiskup (b. 1106–21). Einn helsti þáttur í vegaþömun dýrlings var lestur úr sögu hans á þeim hátíðisdögum sem honum voru helgaðir í hátíðahaldi kirkjunnar og enginn var formlega tekinn í heilagra manna tölu án þess að um hann væri rituð helgisaga. Formgerð helgisagna mótast af hlutverki dýrlinga og stöðu innan kirkjunnar. Sögur helgra biskupa, játarasögur, standa alla jafna saman af lífssögu (*vita*), færslu jarðneskra leifa á helgan stað (*translatio*) og jarteinabók með vottfestum frásögnum af dýrðarverkum þeirra eftir dauðann (*miracula post mortem*). Jarteinirnar voru í senn fyrsti vísir að helgi dýrlings og forsenda þess að hann kæmist í heilagra manna tölu. Það átti einnig við þó einungis væri um lögfestingu á helgi innanlands að ræða án formlegrar útnefningar páfans.

Eftir að kvittur spratt upp um helgi dýrlings voru bein hans tekin úr jörðu við hátíðlega athöfn, þvegin og lögð í skrin sem síðan var komið fyrir í kirkju nálægt altarinu, helgasta stað kirkjunnar. Lífssaga var þá

4 Samræmdur texti Stefáns Karlssonar á viðauka við útgáfutexta GC.

rituð um líkt leyti og færsla beinanna fór fram. Andlát og greftrun var einn mikilvægasti frásagnarliður allra dýrlingasagna. Fast á eftir fylgdi færsla (*translatio*), sem stundum var sérstakt rit en gat einnig verið kafli á eftir lífssögunni og svo er í sögum hinna helgu íslensku biskupa. Rétt eins og jarteinir eftir dauðann var færsla jarðneskra leifa órjúfanlegur hluti af töku væntanlegra dýrlinga í heilagra manna tölu og fór einatt fram að undangengnum sérstökum fyrirboðum um dýrlingshelgi. Oftar en ekki voru slíkir fyrirboðar draumsýnir eða aðrar vitranir þar sem hvatt var til þess að beinin yrðu tekin upp. Eftir andlát Þorláks vitraðist ýmsum helgi hans í draumi og bóndi nokkur sá svo skært ljós í Skálholti yfir leiði Þorláks að kirkjan sjálf hvarf honum nánast sjónum. Kapellán Þorláks, Ormur prestur Eyjólfson, hélt um sumarið á fund Brands Sæmundssonar Hólabiskups (b. 1163–1201) til að greina honum frá þessum atburðum og naut sjálfur kraftaverka Þorláks til að ná þeim fundi. Helgi Þorláks biskups var formlega lýst á alþingi 1198 að undirlagi beggja biskupa landsins, Brands Sæmundssonar og Páls Jónssonar (b. 1195–1211), en sjálf upptaka beinanna fór fram við hátíðlega athöfn í Skálholtskirkju að viðstöddum fremstu helgisiðameisturum landsins, þar með töldum séra Guðmundi Arasyni.⁵

Svipuðu máli gegndi um Jón Ögmundsson. Er kom að greftrun Björns Gilssonar Hólabiskups (b. 1147–62) við hlið Jóns haustið 1162 „bauð þeim mikla þekkt er þá sá líkit, ok var þá margs staðar holdit á beinunum, ok sem vænst þótti til at annan veg mundi vera en ilma af“.⁶ Ástand jarðneskra leifa Jóns biskups var einnig skýrt tákn um helgi hans. Í árslok 1198 lét Brandur biskup taka bein beggja biskupanna úr jörðu með stuttu millibili og leggja í nýjar kistur sem komið var fyrir um sinn undir hvolfi án þess að hylja moldu.⁷ Urðu nú undur fyrir áheiti á Jón Ögmundsson og helgur dómur hans var tekinn upp síðla vetrar árið 1200. Næsta dag var haldin viðamikil helgiathöfn í Hólakirkju og enn var séra Guðmundur Arason meðal klerka. Voru þar allir kennimenn „skryðdir sloppum ok kantarakápum, með krossum ok kertum ok reykelssikerum ok helgum

5 *Þorláks saga A*, í *Biskupa sögur*, 2. b., útg. Ásdís Egilsdóttir, Íslenzk fornrit, 16. b. (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 2002), 84–86.

6 *Jóns saga ins helga*, útg. Peter Foote, í *Biskupa sögur*, 1. b., Íslenzk fornrit, 15. b., síðari hluti (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 2003), 254.

7 *Jóns saga ins helga*, 255.

dómum ok skipuðu processionem inni í kirkju“.⁸ Við annan róm kvað er bein Gumundar voru tekin úr jörðu í fyrsta sinn.

2. Afskipti Jörundar Þorsteinssonar

Fyrsti forboði að beinaupptöku Guðmundar góða er hans eigin forspá í B-gerð sögu hans. Annars ókunn kona úr heimildum, Hallbera hetta, kemur að máli við biskup og spyr hann hvenær helgi hans muni koma upp. Guðmundur er í fyrstu tregur til svara en lætur að lokum undan þrákelkni hennar:

„Þat fær engi gjört at þekta þig [þ.e. Hallberu] af því, sem þú tekr upp, svá ertu fylgin þínu máli; en nú til þess at þú þagnir, þá mun ek segja þèr mitt hugboð ok framsýni, ef svá verðr, sem ek get: at þá er liðit er frá anláti mínu hálfv fjórði tögur vetra, þá munu bein mín ór jörðu tekin með þeim atburðum, sem guð vill at verði.“⁹

Árið 1272 var hálfur fjórði tugur vetra liðinn frá andláti Guðmundar, en höfundur C-gerðar bætir við og segir að líða muni „*vel* hálfv fjórði tögur vetra“ áður en beinin verði tekin upp.¹⁰ Ekki skakkaði miklu því að á áttunda starfsári Jörundar Þorsteinssonar Hólabiskups, sem bar upp á 1275, dró til tíðinda. Á páskadagsmorgun þetta ár varð prestur að nafni Þorsteinn vitni að braki frá legstað Guðmundar:

Á dögum Magnús konungs Hákonarsonar kom til Hóla Jörundr biskup Þorsteinsson, ok á enu átta ári byskupsdóms síns, þá varð sá atburðr þar heima at Hólum á staðnum, at Þorsteinn hêt prestr þar, ok var kallaðr faraprestr, hann hvíldi í kirkju ok varðveitti vel kirkjuskrúðann ok hríngdi til tíða, hann var skynsamr maðr ok rættorðr; hann þóttist heyra páska sunnumorgin brak mikit til stúku Guðmundar biskups, ok sprettr hann upp skjótt, ok varð nokkut við ótta, ok gekk til stúkunnar, ok hugði at vandliga; honum sýndist sem kista sú, er var um líkama Guðmundar biskups, veri komin upp or jörðinni, ok lægi moldarflaga ein ofan á kistunni miðri. Hann tók

8 *Jóns saga íns helga*, 272.

9 *GB*, I *BS*, 1:566–67.

10 Foote, „Bishop Jörundr,“ 103–4; *GC*, 128. kafli (skál. mín).

til hendi sinni, hvárt svá veri, sem honum sýndist, ok var þat einn veg; þá sagði hann biskupi ok fleirum mönnum. Síþan gekk biskup til kirkju ok fleiri menn aðrir, ok er þeir koma í stúkuna, þá sá þeir önga nýbreytni. Nú reiddist biskup, ok þótti sjá maðr vera lyginn, ok tók illa á honum, ok rak hann á brot; en hann hêlt sögu sinni, sem áðr hafði hann sagt.¹¹

Staðsetning grafarinnar orkar tvímælis. Í lok lífssögu Guðmundar Arasonar af B-gerð segir að hann hafi hlotið greftrun eftir eigin fyrirætlum „í stúkunni suðr af kirkjunni milli tveggja presta, er hann hafði áðr jarða látit“¹² en í tilvitnaðri frásögn jarteinabókarinnar er Jörundur sagður ganga rakleitt til kirkju og að stúku Guðmundar þar. Höfundur C-gerðar tekur fram að legstaðurinn teljist ekki lengur við hæfi biskupa því að nú kveði kirkjulög á um að þeir skuli hvíla innan kirkju:

Löngu áðr hafði hann fyrir sagt sinn legstað í stúkunni suðr af kirkjunni millum tveggja presta er hann hafði þar grafa látit, – hét annarr Björn Hjaltason en annarr Styrkár Gunnsteinsson, – því at þá var enn eigi sú lagasetning opinberuð hér á Íslandi at gröftr formanna skipaðiz innan kirkju.¹³

Í sömu gerð sögunnar er nokkru síðar ítrekað að Guðmundur hafi verið jarðsettur utan kirkju og að við svo búið megi ekki standa.¹⁴ B- og C-gerð ber því ekki saman. Orðið ‚stúka‘ var einkum notað um stór útskot úr kirkjum þar sem altari hafði verið komið fyrir¹⁵ eða um hliðarkapellur, en virðist þó einnig hafa getað átt við um kór.¹⁶ Magnús Már Lárusson áleit að í íslenskum kirkjum ætti orðið við um ákveðinn hluta kirkju eða kapellu fremur en viðbyggingu, en merkti þó líklega oftast norður-suðurarm

11 GB (*Jtb*), í BS, 1:609. Í 127. kafla GC segir að atburðurinn hafi átt sér stað að morgni pálmásunnudags, sjá einnig Foote, „Bishop Jörundr“, 102.

12 GB, í BS, 1:585.

13 GC, 119. kafli.

14 GC, 119. kafli.

15 Johan Fritzner, *Ordbog over det gamle norske sprog*, 2. útg., 3 b. (Ósló: Den norske forlagsforening, 1886–96), 3:582. Orðið kemur fyrir í fleiri en einni merkingu.

16 Marius Hægstad og Alf Torp, *Gamalnorsk ordbok med nynorsk tyding* (Ósló: Det norske samlaget [Landsmaals-laget], 1909), 437.

krosskirkju.¹⁷ Orðalagi D-gerðar þar sem segir „í stúkunni syðri“¹⁸ gæti samrýmst þeirri merkingu en sú gerð sögunnar er varhugaverð heimild. Höfundur hennar sniðgengur jafnt upptöku beinanna úr upphaflegum legstað sem og annað er varpað gæti rýrð á þá einhliða dýrlingsmynd sem hann dregur upp. Orðalagi kynni því vel að hafa verið hnikað til í því skyni að draga fjöður yfir óviðeigandi greftrunarstað.

Óljóst er hvernig þetta kemur heim og saman við frásögn B-gerðar en lýsingin í heild minnir óneitanlega á *Jóns sögu*: „Líkami ins helga Jóns byskups var jarðaðr útan kirkju fyrir sunnan sönghúsi ok gort yfir hválf.“¹⁹ Ef til vill má líta á hvelfingu yfir gröf Jóns sem stúku í kirkjugarðinum sem svipaði þá til legstaðar Guðmundar „í stúkunni suður af kirkjunni“, en staðsetningin samræmist þó ekki þeim stað sem Þorsteinn prestur gengur til innan kirkjunnar og einnig er nefndur stúka. Á því kann þó að vera eðlileg skýring eins og síðar verður komið að.

Hörð viðbrögð Jörundar Þorsteinssonar við því sem bar fyrir augu og eyru Þorsteins faraprests skýrast sennilega af viðhorfsbreytingum innan kirkjunnar. Jörundur var einn lærðasti maður landsins á sinni tíð. Hann stóð í fremstu röð á sviði kirkjuréttar og gerði sér far um að framfylgja kirkjulögum út í hörgul.²⁰ Honum hlýtur því að hafa verið vel kunnugt um vaxandi andstöðu við útnefningu nýrra dýrlinga og þrengri lagaskilyrði en áður höfðu verið til að lýsa menn heilaga. Jörundur breytti þó afstöðu sinni eftir að annar atburður hafði átt sér stað á Hólum, að því er virðist skömmu síðar, sem klerkum þótti mjög undarlegur. Heimamenn höfðu orðið þess varir að eldur var laus á staðnum. Þeir finna biskup á bæn fyrir altari, eftir því sem þeim sýnist, og leita eftir úrræðum:

„leggitt til nú, herra, gott ráð ok skjótt, at eigi brenni bærinn.“ Biskup svarar: „taki vatn Guðmundar biskups ok stökkvi því í eldinn.“

17 Magnús Már Lárusson, „Kapel (Island),“ í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*, 22 b. (Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1956–78), 8:255. Um innra fyrirkomulag Hóladómkirkju, sjá nánar Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Dómkirkjur,“ í Gunnar F. Guðmundsson, *Kristni á Íslandi*, 2. b., *Íslenskt samfélag og Rómakirkja* (Reykjavík: Alþingi, 2000), 154–64.

18 „Yðr heimaklerkum mínum er kunnigt, segir hann, at ek hefir löngu fyrirsagt legstað minn í stúkunni syðri meðal presta tveggja, er þar liggja, ok þær kennit vel.“ *GD*, í *BS*, 2:156–57.

19 *Jóns saga ins helga*, 242.

20 Jón Helgason, *Íslands kirke fra dens Grundlæggelse til Reformationen: En Historisk Fremstilling* (Kaupmannahöfn: Gad, 1925), 178–81.

Þeir gerðu svá, ok sloknaði þegar eldrinn er vatnið kom í. En um daginn eftir þökkudu klerkar biskupi þat it góða ráð, er hann hafði þeim gefit, ok sögðu ekki annat hafa tjóat, hvat sem at var gert. Biskup svaraði: „kvaðst ekki þetta ráð gefit hafa, ok eigi vitað ellzganginn.²¹

Hvort sem Jörundur hafði trú á helgi Guðmundar eða ekki lét hann nú taka beinin upp í votta viðurvist:

Litlu sípar eptir þenna atburð er þat sagt, at Jörundr biskup lét taka upp or jörðu bein Guðmundar biskups ok tveggja presta með honum, er lágu á sína hönd honum hvárr; hèt annarr Björn, en annarr Gunnsteinn. Þar var við herra Rafn Oddsson, ok sagði hann svá, at hann vissi eigi, hverra manna bein þat vóru, er honum vóru sýnd, ok öngum þótti meira um vert þess[i] bein, en annara hversdagsligra manna, ok bein Guðmundar biskups veri þunn ok saurig, ok mátti þat vel vera, því at hann var harðlífr hær í heimi.²²

Hrafn Oddsson var um þetta leyti æðsti hirðmaður Magnúsar lagabætis á Íslandi og einn atkvæðamesti maður landsins. Ekki er annað haft eftir Hrafn en að honum sé engan veginn ljóst hverjum beinin tilheyri, aðrir nærstaddir láta hins vegar í ljós að þeim þyki ekki mikið til koma enda hvergi að sjá vott um hið óförgengilega og bjarta yfirbragð sannheilagra dýrlingsbeina.²³

Joanna Skórzewska, sem rannsakað hefur átrúnað á Guðmund Arason, túlkaði frásögnina á þann veg að álits Hrafns hefði verið leitað til að skera úr um hvort taka ætti beinin upp sem helgan dóm eða ekki og taldi viðbrögðin skýrast af andstöðu hans við vegsömun Guðmundar vegna hagsmunaárekstra. Átrúnaður á Guðmund hefði óhjákvæmilega eftl Hólastað fjárhagslega en að veraldlegir valdhafar, þar með talinn Hrafn, hefðu ekki kært sig um aukin umsvif kirkjunnar í samkeppni um völd og áhrif.²⁴

21 *GB (Jtb)*, í *BS*, 1:609.

22 *GB (Jtb)*, í *BS*, 1:609–10.

23 Bjart og fagurt útlit jarðneskra leifa dýrlinga er hefðbundið ritklif í sögum helgra manna. Álitaefnið var ekki nýtt af nálinni, í *Guðmundar sögum* er sagt frá vantrú á að bein Jóns helga Ögmundssonar í fórum Guðmundar væru helgur dómur vegna útlits þeirra, sjá *GA*, í *BS*, 1:468–69.

24 Joanna A. Skórzewska, *Constructing a Cult: The Life and Veneration of Guðmundr Arason*

Fleiri sjónarmið gætu einnig komið til álita. Kvaðning Hrafn Oddssonar að beinauppgreftrinum sýnir að Jörundi hefur þótt rík ástæða til að tryggja að allt færi fram samkvæmt strangasta regluverki en ekki er að sjá að vegsömun Guðmundar hafa vakað fyrir honum. Þess er hvergi getið að hann hafi leitað álits starfsbróður síns í Skálholti, Árna Þorlákssonar (b. 1269–98), en án hans samþykkis hefði traudla orðið af upptöku beinanna sem helgra dóma. Reyndar var þess tæpast að vænta að Árni viðurkenndi helgan forboða af vígðu brunnvatni Guðmundar því hann hafði látið loka slíkum brunni að Keldum og bannað alla meðferð vatns úr honum, ef marka má jarteinabók Guðmundar Arasonar.²⁵

Hvort sem frásögnin á sér raunverulega stöð eða ekki er augljóst af sögum Guðmundar að vatnsvígslunar mættu andstöðu meðal ráðamanna kirkjunnar þar sem þær þóttu víkja um of frá viðurkenndum kenningum. Á hinn bóginn gerði kirkjan fyrir sitt leyti stöðugt strangari kröfur um að útnefnd dýrlingsefni hefðu hvergi hvikað af rétttri leið.²⁶ Beinín voru nú grafin tryggilega á ný:

Sú var frásögn Bjarna Ha[ll]freðarsonar, er þá var djákn at Hólum, er líkamr Guðmundar biskups var or jörðu tekinn: „þat sá ek,“ sagði hann, „at menn grófu gröf í stúkunni mannsvaxtar eða djúpara ok settu þar niðr kistu Guðmundar biskups, ok fylldu síþan þá gröf af moldu, ok ferðu þar á ofan stórgrjót.“²⁷

Í jarteinabókinni segir ekki frekar af meðferð Jörundar biskups á jarðneskum leifum Guðmundar Arasonar, en bæði í jarteinabók og C-gerð er sérstaklega tekið til dýptar þeirrar grafar sem kistan var lögð í og einnig þess að hún hafi verið fergð stórgrýti. Það bendir til að Jörundur biskup hafi af einhverjum ástæðum viljað hindra að hreyft yrði við kistunni og jafnvel leynd henni eins og höfundur C-gerðar tæpir á:

Helz sá orðrómr lengi síðan af alþýðu at í þeim stað mundu hulin liggja bein Guðmundar byskups, fyrir hvat byskup fekk mikit ámæli

(1161–1237) in *the Icelandic Written Sources*, The Northern World, 51. b. (Leiden: Brill, 2011), 221–26.

25 *GB (Jtb)*, í *BS*, 1:611–12.

26 Donald Weinstein og Rudolph M. Bell, *Saints and Society: The Two Worlds of Western Christendom, 1000–1700* (Chicago: University of Chicago Press, 1982), 141.

27 *GB (Jtb)*, í *BS*, 1:610; *GC*, 128. kafli; Foote, „Bishop Jörundur,“ 103.

af mörgum, segjandi at hann hylma vildi yfir Guðs vinar heilagleik ok misgruna þau tákni sem Guð léti verða hvervetna í sveitum fyrir hans árnaðarorð.²⁸

Þótt Jörundur væri hygginn stjórnandi og hefði orð á sér fyrir að vera slægur sem refur í málarekstri sínum²⁹ hefur honum verið nokkur vandi á höndum og hvorki stætt á því að horfa fram hjá helgum forboðum né stuðla að vegsömun í trássi við kirkjurétt:

með því at Jörundr byskup var bæði vitr ok ráðinn í sínum gjörðum, gaf hann sér lítit um hvat hverr talaði af því líkum hlutum, skiljandi vel allt þetta fram faranda með sögðu efni sakir vandlætis laganna, en alþýðan kveinaði.³⁰

Sannfæring Þorsteins prests bendir til að stuðningur við átrúnað á Guðmund hafi einnig verið fyrir hendi innan klerkastéttarinnar jafnt sem leikmanna eða alþýðu. Fólki lék sem fyrr hugur á að vita hvar bein Guðmundar myndu liggja grafin og annar yfirmsiða Jörundar biskups við kirkjusmiðina, Kolli Helgason, gekk eftir svörum:

Er ok þar sá hlutr, minn herra, at þér fáið af mikit ámæli at því síðr vili þér veita nökkura vegsemð í orðum Guðmundi byskupi at menn þora varla opinbera þau tákni sem þeir trúa gjöráz fyrir hans verðleika. Marga hefi ek eftir spurt hvar hans bein munu liggja, ok fæ ek enga vissu sanna þar af. En ek trúi því með engu móti, þótt nökkurir tali, at þér hafið þau með stóru grjóti látið hylja.³¹

Frásögnin skiptir nú alveg um tón og í næstu andrá kemur raunverulegur tilgangur beinaflutningsins í ljós:

„Veit ek þat, smiðr, at af þeim hlut hvískra margir sín í millum, ok sýniz mér eigi fagrt at ætla mik svá heimskan at ek þættimz þess manns heilagleik mega með grjóti hylja er Guð vildi opinbera eða enn heldr illgjarnan ef ek fyrimunaða öðrum at njóta hans góðleika.

28 GC, 128. kafli; Foote, „Bishop Jörundur,“ 103–4.

29 *Árna saga biskups*, í *Biskupa sögur*, 3. b., útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslensk fornrit, 17. b. (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003), 147.

30 GC, 129. kafli; Foote, „Bishop Jörundur,“ 104.

31 GC, 129. kafli; Foote, „Bishop Jörundur,“ 105.

Senniliga ætlum vér Guðmund byskup góðan mann verit hafa fyrir Guði, en at tala margt um heilagleik hans er oss formönnunum, er nökkut skyldum fylgja lögunum, miklu vandtækara á þvílíku en þér veraldarmenn ætlið ok fyrrum hefir hér gjört verit. Því létum vér upp taka bein Guðmundar ok annarra fleiri byskupa, þeira sem útan kirkju vóru jarðaðir, at kirkjunnar lög bjóða at þeira gröftr gjöriz innan kirkju. En þá kistu sem Guðmundr byskup hafði hvílt í lét ek niðr grafa, látandi þar í bein prestanna er upp tókuz jafnfram, en hon <er> niðri undir kirkjunnar grundvelli. Þótti mér vel hvern skilning þar lagði hverr yfir. En ek tók bein Guðmundar byskups brott leyniliga.³²

Jörundur dregur ekki lengur dul á að átrúnaður á Guðmund sé fráleitur í augum kirkjuyfirvalda. Magnús Már Lárusson áleit að tilfærsla sú á beinum Guðmundar sem lýst er í jarteinabókinni hafi staðið í sambandi við kirkjusmið Jörundar enda þekkt að hann lét reisa nýja kirkju á grunni hinnar eldri.³³

Hvort sem jarðrask vegna kirkjusmiðinnar hefur skipt máli eða ekki reynist aðalástæða beinafærslunnar vera sú að Jörundur getur ekki unað því að jarðneskar leifar Guðmundar biskups, eða annarra biskupa, hvíli að eldri síð utan kirkju í andstöðu við kirkjulög. Nú er hlutverk Hrafns Oddssonar við beinaupptökuna orðið skiljanlegra en ella, væntanlega hefur orðið að staðfesta að um bein Guðmundar væri að ræða áður en þeim yrði fenginn legstaður við hæfi.³⁴ Hins vegar þarf ekki lengur að undrast viðleitni Jörundar til að hindra með fargi stórgrytis að gröf sú sem Guðmundur

32 GC, 129. kafli; Foote, „Bishop Jörundr,“ 105–6.

33 Magnús Már Lárusson, „Auðunn rauði og Hólakirkja,“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1960 (1960). Kirkjan hefur þá verið byggð nokkrum árum fyrr en Magnús Már hugði.

34 Ekki koma fram nöfn þeirra biskupa annarra sem nauðsyn bar til að færa á viðeigandi stað en kistur Jóns Ögmundssonar og Björns Gilssonar virðast hafa verið hafnar úr jörðu utandyra við upptöku beinanna 1198, sjá *Jóns saga ins helga*, 272–73. Hið sama á við um Þorlák Þórhallsson því greint er frá því að ljós hafi sést úr fjarlægð yfir leiði Þorláks sem bendir til að það hafi verið utandyra, sjá *Þorláks saga A*, 85. Fyrirrennar hans í Skálholti virðast þó allir hafa hlotið legstað innan kirkju. Í *Hungurvöku* segir að Kolor biskup hafi verið jarðsettur í Skálholtskirkju og Ísleifur biskup (b. 1056–80) „hjá leiði Kols“ (9, 11) en Gissur biskup (b. 1082–1118), sonur Ísleifs, var jarðaður „hjá föður sínum“ (20). Hvorki er getið greftrunarstaðar Þorláks Runólfssonar (b. 1118–33) né Magnúsar Einarssonar (b. 1134–48) beinum orðum en aftur á móti segir að Klængur Þorsteinsson (b. 1152–76) hafi verið „grafinn hjá inum fyrrum biskupum“, sbr. *Biskupa sögur*, 2. b., 3–43.

var sagður hvíla í yrði rofin á ný því að í stað jarðneskra leifa Guðmundar Arasonar liggja þar nú einvörðungu bein prestanna tveggja er áður höfðu hlotið legstað honum við hlið suður af Hólakirkju. Bein Guðmundar hafa hins vegar legið afsíðis um sinn í nyrðra-krossi:³⁵

Var ek þó nokkut óráðinn um hvílíkan stað ek skylda þeim fá. Eigi sýndiz mér at láta þau niðr hjá beinum annarra byskupa. Því varðveitta ek þau lítinn tíma í nyrðra krossi ok þar hurfu frá tvau rifin. Vissa ek þat eigi með hverju móti þat varð, því at þau funduz ekki síðan.³⁶

Sá staður reynist ógætilega valinn því Jörundur stendur nú frammi fyrir hvarfi á beinum úr gröfinni en það hlaut að vera ámælisvert í augum kirkjuyfirvalda jafnt sem leikmanna. Þá hefur biskupi einnig mistekist að tryggja að enginn næði í beinin sem helgan dóm í andstöðu við kirkjulög en eina nærtæka skýringin á beinahvarfinu er einmitt sú að einhver hafi tekið þau til slíkra nota. Hætta var jafnvel á að beinin gengju kaupum og sölum en slíkt hafði lengi verið vandamál víða um Evrópu á þessum tíma.³⁷

Það reynist Jörundi vandkvæðum bundið að finna starfsbróður sínum viðeigandi legstað meðal hinna fyrri Hólabiskupa án þess að sérstök skýring sé gefin á því. Líklegasta ástæða þess er sú að Gregoríus 9. páfi (p. 1227–41) hafði fyrirskipað Sigurði Indriðasyni erkibiskupi (b. 1231–52) að leggja fast að Guðmundi að vikja úr embætti Hólabiskups sakir yfirsjóna í starfi, þótt bréf þess efnis bærisk ekki hingað til lands fyrr en að biskupi önduðum.³⁸ Biskupar voru að jafnaði skuldbundnir embætti sínu til ævi-

35 Norður-kross kynni að hafa verið norðurarmurinn á þeim krossi sem kirkjan hefur myndað. Sjá Hörður Ágústsson, *Dómsdagur og helgir menn á Hólum: Endurskoðun hugmynda um fjalirnar frá Bjarnastaðahlíð og Flatatungu, Þjóðminjasafn Íslands, Staðir og kirkjur*, 2. b. (Reykjavík: Bókmenntafélagið, 1989), 71–74.

36 GC, 129. kafli; Foote, „Bishop Jörundur“, 106.

37 Um þjófnad og verslun með helga dóma á miðöldum sjá Patrick J. Geary, *Furta sacra: Thefts of Relics in the Central Middle Ages*, 2. útg. (Princeton: Princeton University Press, 1990).

38 Heimildir benda til að Guðmundur Arason hafi verið settur af biskupsembætti að minnsta kosti í tvígang en opinber skjöl eru ekki varðveitt um fyrra skiptið. Sakargiftir 1237 voru ófullnægjandi vígsluathafnir sökum blindu biskups og páfi virðist hafa brugðist við umkvörtun Sigurðar erkibiskups með því að hvetja Guðmund til að láta af embætti ásamt þeim prestum er ekki höfðu hlotið vígslu samkvæmt viðtekinni helgisíðafrankvæmd. Þó virðist sem til greina hafi komið að fá Guðmundi aðstodarmann við embættisverk í stað þess að knýja hann til afsagnar. Sjá *Diplomatarium Islandicum: Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenska menn*,

loka en orð Jörundar benda til að vafi hafi leikið á stöðu Guðmundar að honum látnum. Jörundur lætur því veita beinunum viðeigandi umbúnað og færa á ákjósanlegri stað innan Hólakirkju:

Brott lét ek þau þaðan ok innar undir hválf yfir kórin. Ok sem ek hitta á hvílíkan stað ek vilda beinunum skipa kallaða ek til mín presta tvá leyniliga, Þorstein ljásmið, hvern þú máttir sjá er þann tíma var hér sacrista, ok hann annan er andaðiz er þú kunnir nökkut greina. Ek sýnda þeim, ok lét ek þvá, lesandi síðan öll saman í einn hvítan líndúk, leggjandi í kistu hreina, þar með svarta skó ófúna er hann hafði haft á fótum, kalek með patina, ofan ok neðan af bagli hans ok fingrgull, lykjandi aftr kistuna. Nú til þess at þú megir þeim til vísa, ef sá kann eftir mik til koma at legstað Guðmundar byskups vili forvitnaz, þá fylg mér.“ Síðan stendr byskup upp gangandi fram í kórin, nemandi staðar innar undan byskupssætinu ok stígr fætinum niðr á gólfit, svá segjandi: „Hér svá stendr kistan undir, ok er rist nafn Guðmundar byskups á endafjölinni. Bauð ek svá prestunum at þeir gjörði þenna stað öngum kunnugan án mínu leyfi, ok þetta vil ek at þú haldir um daga mína.“ Hann játar því, merkjandi staðinn sem glöggligast. Skilðu þeir eftir svá talat, ok helt Kolli vel sér seldan trúnað. Fór hann síðan til Noregs ok var vel tekinn af mörgum mikils háttar mönnum. Heyrði hann á þeim tíma í Noregi mjök prísaðan Guðmund byskup hvárt sem hann fór um staði eða markbyggðir.³⁹

Annar þeirra presta sem vitni urðu að greftrun Guðmundar, Þorsteinn ljásmiður og *sacrista* á Hólum, gæti verið sá maður sem nefndur er Þorsteinn faraprestur í jarteinabók. Ekki er kunnugt um að embætti faraprests hafi verið til innan kirkjunnar en þeir klerkar sem eftirlit höfðu með messuskrúða nefndust fataprestar eða *sacrista*.⁴⁰ Því gæti orðmyndin ‚fataprestur‘ hafa afbakast í ‚faraprestur‘ í texta jarteinabókarinnar.⁴¹ Ef um

útg. Jón Sigurðsson et al., 16 b. (Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, 1857–1972), 1:515–18 (bréf 133 og 134).

39 GC, 129. kafli; Foote, „Bishop Jörundr,“ 106–7.

40 Gunnar F. Guðmundsson, *Kristni á Íslandi*, 2:143–44.

41 Í aðalhandriti GC stendur ‚fataprestur‘ sem einnig er illskiljanleg orðmynd, sjá Foote. „Bishop Jörundr,“ 102 (l. 12). Stefán Karlsson áleit að um afbökun textans í meðförum skrifara væri að ræða og notar orðmyndina fataprestur í útgáfutexta sínum en leggur ekki til

sama mann er að ræða hlýtur atburðurinn á páskadagsmorgun 1275, sem sagt er frá í jarteinabókinni, að hafa átt sér stað eftir að Jörundur hafði fundið beinum Guðmundar varanlegan legstað en ekki áður en þau voru færð í fyrsta sinn eins og röð frásagnanna gefur til kynna.

Það kemur raunar heim og saman við það að bæði Jörundi og Þorsteini virðist hafa verið kunnugt um greftrunarstað Guðmundar er atvikið í stúku hans átti sér stað á meðan frásagnir jarteinabókarinnar reynast aftur á móti vikja talsvert frá rétttri tímaröð.⁴² Höfundur C-gerðar tekur einnig fram að þá fyrst hafi bein Guðmundar verið tekin úr jörðu eftir að heimamenn á Hólum höfðu talið sig verða vitni að eldsvoða þeim sem áður var minnst á.⁴³ Nú verða frásagnir B- og C-gerðar af upphaflegum greftrunarstað einnig skiljanlegri en ella. Stúkan sem Þorsteinn fara-/fataprestur heyrði brak frá væri þá ekki hin sama og greint er frá í B-gerð suður af Hólakirkju heldur sá staður sem Jörundur kallar hann að með leynd þótt hann sé ekki nefndur stúka í heimildinni. Ef þetta er rétt hafa bein Guðmundar verið komin á þann stað sem biskup greinir Kolla að lokum frá sama árið og fyrsta beinaupptakan fór fram eða á áttunda starfsári Jörundar, 1275.

Í stuttu máli virðist áhugi hafa verið meðal alþýðu manna á að vegsáma Guðmund Arason opinberlega sem dýrling og ef til vill einnig innan klerkastéttarinnar. Jörundur Þorsteinsson reynist slíkum hugmyndum aftur á móti algjörlega andvígur. Milli sjónarmiða almennings og kirkjuyfirvalda var því talsvert bil sem biskupi reynist erfitt að brúa. Í fyrsta lagi reistu kirkjulög strangari skorður en áður við því að lýsa yfir helgi nýrra dýrlinga og í öðru lagi er staða Guðmundar innan kirkjunnar önnur eftir að bréf erkibiskups bárust þess efnis að hann væri settur af embætti. Jörundur telur sér þó skylt að færa jarðneskar leifar Guðmundar frá sínum upphaflega greftrunarstað en við það hverfa tvö rifbein í hendur ókunnra aðila sem vafalítið hafa haft í hyggju að fara með þau sem helga dóma. Áhyggjur Jörundar reynast því ekki með öllu ástæðulausar og hann

nánari skýringar. Þess má geta að f-táknið bagga-f (f) minnir nokkuð á p-táknið, sérstaklega ef það er ekki vel opið, og gæti því hafa valdið misskilningi skrifara við afritun.

42 Jarteinabækur voru safn vottfestra frásagna margra manna og sá möguleiki fyrir hendi að röð þeirra vixlaðist er þær voru settar saman í sérstakt rit, jafnvel löngu eftir að atburðir höfðu átt sér stað, eins og virðist hafa átt við um jarteinabók Guðmundar. Sjá t.d. Sverrir Tómasson, „Brunnið bréfasafn,“ í *Tækileg vitni: Greinar um bókmenntir gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 5. apríl 2011* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011).

43 GC, 128. kafli; Foote, „Bishop Jörundr,“ 103.

færir beinin með leynd á traustari stað sem einnig getur talist sambodinn stöðu Guðmundar. Ef fallist er á að Þorsteinn faraprestur og Þorsteinn fataprestur séu sami maður lítur út fyrir að öll tilfærsla Jörundar á jarðneskum leifum Guðmundar hafi átt sér stað á sama árinu, eða 1275. Af beinaupptöku Guðmundar Arasonar segir ekki nánar í sögum hans eins og varðveislu þeirra er háttað en *Lárentíus saga* tekur við þar sem þeim sleppir.

3. Stefnubreyting Auðuns Þorbergssonar

Auðunn rauði Þorbergsson hvarf frá stefnu forvera síns eftir að hann kom til stóls 1315. Strax eftir komuna að Hólum hóf hann undirbúning að því að fá Guðmund Arason formlega tekinn í tölu dýrlinga. Eftirgrennslan eftir beinum Guðmundar hófst því á nýjan leik með aðstoð Kolla Helgasonar, sem einn var orðinn til frásagnar að Jörundi önduðum:

Þegar er herra byskup kom heim ór visitatione leitaði hann eftir hvar bein góða Guðmundar byskups mundi vera, því at þat hafði svá verit vanrækt áðr at menn vissu eigi áðr hvar þat mundi vera. Var í fyrstu grafit í kórnum innar ok fannz þar eigi, en funduz þar önnur bein í einni kistu, allt samt sem Jörundr byskup hafði látit um búa þá er hann lét gera nýja kirkjuna. Þá var sent eftir Kolla smið Helgasyni; vildi hann ekki fara lengi, því at meðal þeira herra Auðunar byskups var heldr fátt. Þó fór hann um síðir, meir áminntr fyrir skuld Guðmundar byskups en at boði Auðunar byskups. Sagði Kolli þá at þeim stoðaði ekki at leita í kórnum; bauð hann þá brjóta upp gólfrit í framkirkjunni. Miðaði hann svá glöggt á at þar sem hann sagði, fannz kista ok henni lauk hann upp; fannz þar í biskups bein ok at öllu svá um búit sem Jörundr byskup hafði sagt honum. Síndiz þar fótleggurinn brotinn ok þar um vafit einum hreinum klút; vóru knútarnir mjök stórir á leggnum sem ván var eftir því sem segir í Guðmundar sögu at brotnaði fótr hans fyrir Ströndum, þá er hann var klerkr með Ingimundi frænda sínum.⁴⁴

44 *Lárentíus saga biskups*, í *Biskupa sögur*, 3. b., útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslenzk fornrit, 17. b. (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003), 322–25 (A-gerð).

Fyrrgreindur greftrunarstaður Guðmundar Arasonar í C-gerð, innar undan biskupssæti í kór Hólabakirkju, kemur ekki vel heim við þann stað sem Kolli smiður vísar Auðuni til í framkirkju. Heimildir Bergs Sokkasonar, ætlaðs höfundar C-gerðar, um hlutdeild Jörundar í beinaupptöku Guðmundar Arasonar eru ókunnar en bæði Bergur og Einar Hafliðason tilheyrðu samfélagi höfunda sem var að störfum í klaustrunum á Þingeyrum og Munka-Þverá og næsta nágrenni laust fyrir miðja 14. öld. Þeir gætu því hafa haft svipaðar heimildir undir höndum en Peter G. Foote taldi þó sennilegt að Einar hefði haft aðgang að traustari upplýsingum en Bergur. Foote áleit jafnframt að misræmi frásagnanna væri þannig til komið að höfundur *Lárentíus sögu* ætti við kór eldri kirkjunnar en ekki hinnar yngri.⁴⁵

Dregið hefur verið í efa að greftrunarstaðurinn hafi raunverulega verið fallinn í gleymsku eins og segir í *Lárentíus sögu* þar sem erfitt sé að ímynda sér að háttsettir menn innan kirkjunnar hafi ekki haft um hann vitneskju, auk þess sem ritheimildir sýni að fólk þekkti vel orðspor Guðmundar góða.⁴⁶ En hafi greftrunarstaður beinanna ráðist af vilja Jörundar til að leyna þeim vegna eigin yfirsjónar og efasemdum um helgi Guðmundar og stöðu hans meðal biskupa verður þó sennilegra en ella að rétt sé greint frá fundarstað þeirra í *Lárentíus sögu* þrátt fyrir lítilsháttar orðalagsmun milli A- og B-gerðar þeirrar sögu. Að þessu sinni komust bein Guðmundar á þann stað innan kirkjunnar sem helgum manni hæfði:

Var þá kallaðr til Auðun byskup og varð hann af þessu mjök feginn. Lét hann þá gjöra at nýja kistu ok þar í leggja bein hins blezaða Guðmundar byskups; síðan lét herra Auðun byskup búa um fagrliga með grind ok færa innar í kirkjunni fyrir framan stóra kross. Gjörðiz þá þegar tilsókn til staðarins ok mikil áheit um allt Ísland ok urðu margar ok ágætar jartegnir. Var þat mikil gifta Auðunar byskups at hann lét fyrstr Hólabyskup taka ór jörðu bein hins blezaða Guðmundar byskups, ok af hans forgöngu hefir síðan eflz hans vegsemð ok virðing fyrir þá Hólabyskupa sem síðan hafa verit allt til þessa dags. Gjörðiz þá þegar um daga Auðunar byskups mikil sókn at Guðmundardegi; söng hann sjálfr fyrir sálutíðir ok sálumessu ok heiðraði hann í öllum hlutum sem hann kunni fremst. Tók herra

45 Foote, „Bishop Jörundr,“ 110–12.

46 Skórzewska, *Constructing a Cult*, 228–30.

Auðun þetta af góðfýsi þeiri sem Guð blés honum í brjóst, ok svá enn nokkot af áeggjan Hákonar konungs sem hann skildiz með hann, en áðr en Auðun byskup kom til var engi minning gjör utan sálumessa var sögð fyrir honum sem fyrir öðrum Hólabyskupum, en engi sókn því at menn vissu ei hvar hans bein ok leg var.⁴⁷

Við upptöku beinanna er ekki er lýst sambærilegri helgiathöfn við þær sem greint er frá í sögum Þorláks og Jóns, en framkvæmd beinaupptökunnar er í samræmi við reglur kirkjunnar um fyrsta stig athafna þegar átrúnaður á dýrling var formlega heimilaður. Fyrst var legstaður ákvarðaður (*inventio*), næst voru beinin tekin upp (*elevatio*) og síðan flutt (*translatio*) á augljósan stað.⁴⁸

Í kjölfar beinaupptökunnar þann 6. nóvember 1315 var dánardagur Guðmundar biskups, 16. mars, formlega lýstur messudagur hans og áheiti leyfð. Áður hafði Guðmundi einungis verið sungin sálumessa sem öðrum Hólabiskupum. Beinin hvíldu nú í kyrrð um sinn en Ormur Ásláksson Hólabiskup (b. 1343–56), sem einnig var norskur eins og Auðunn rauði, stóð að endurfærslu helgra dóma Guðmundar árið 1344.⁴⁹ En endanlegum áfangastað var ekki náð.

3. Skrínlagning

Helgi Guðmundar var aldrei formlega lýst á alþingi og í ritheimildum er Guðmundur ævinlega nefndur ‚hinn góði‘⁵⁰ en ekki ‚heilagur‘, og svo er einnig á altarisklæðinu mikla frá Hólum frá 1376 sem er til sýnis á Þjóðminjasafni Íslands.⁵¹ Það kann að skýrast af því að meðal þeirra sem

47 *Lárentíus saga*, 322–25 (A-gerð).

48 *Lárentíus saga*, 324 (nmgr. 2); Daniel Callam og John Howe, „Translation of Saints,“ í Joseph R. Strayer, ritstj., *Dictionary of the Middle Ages*, 12. b. (New York: Charles Scribner's Sons, 1989).

49 *Íslandske annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm, Det norske historiske Kildeskriftfonds Skrifter, 21. b. (Ósló: Norsk historisk kildeskriftfond, 1888), 211 (*Skálholtsannáll*).

50 *GA, BS*, 1:431.

51 Lýst var yfir helgi Jóns Ögmundssonar á alþingi árið 1200 og helgi Þorláks Þórhallssonar 1199 en enginn íslensku dýrlinganna þriggja hlaut viðurkenningu páfagarðs á miðöldum. Þann 14. janúar 1984 lýsti Stjórnardeild sakramenta og guðsdýrkunar í Páfagarði því yfir að Þorlákur væri verndardýrlingur Íslands með samþykki Jóhannesar Páls 2. páfa, sem kom í opinbera heimsókn til landsins sama ár.

þóttu eiga dýrlingshelgi vísa var gerður munur á þeim sem kallaðir voru *beati* (‘sælir’ eða ‘góðir’) og *sancti* (‘heilagir’) og skilgreining þessara hugtaka varð fastmótaðri á 12. og 13. öld þegar páfaleyfis var krafist til að lýsa mann heilagan. Biskupum leyfðist þó enn að lýsa menn sæla og heimilt var að vegsáma sæla menn á takmörkuðu svæði, yfirleitt í biskupsdæmi.⁵² Samhliða þrengri skilyrðum páfagarðs um dýrlingshelgi færðist í vöxt að kaþólska miðaldakirkjan útnefndi fremstu hugmyndasmiði sína í stað biskupa og konunga áður, sem átt höfðu hug leikmanna vegna baráttu sinnar og þjónustu við Guð. Eftir 1310 var svo komið að páfahirðin veitti einungis fáum erindum um dýrlingsútnefningar biskupa viðtöku og engin þeirra hlaut staðfestingu þótt beiðnir héldu áfram að streyma að.⁵³

Þrátt fyrir embættismissi og vaxandi andstöðu kirkjunnar við að staðfesta dýrlingshelgi biskupa benda heimildir til að menn hafi lengi vænst þess að fá helgi Guðmundar Arasonar formlega viðurkennda. Í annálum og heitbréfi Norðlendinga segir að harðindaveturinn 1377 hafi Jón skalli Eiríksson Hólabiskup (b. 1358–90) heimilað að gefa alin af hverju hundraði og fara með á páfagarð til árnaðarorðs Guðmundi Arasyni að upp yrði tekin helgi hans og voru sendimenn nafngreindir.⁵⁴ Erindið var ítrekað 1403⁵⁵ en hlaut aldrei afgreiðslu svo kunnugt sé. Af annálum og fornbréfum er einnig ljóst að tilraunir voru gerðar á 14. öld til að öngla saman fé til kaupa á skríni undir helgan dóm Guðmundar biskups. Eftir 1403 eru heimildir þöglar fram til ársins 1525 en þá er skrin Guðmundar hins góða skráð í máldaga meðal annarra helgigripa yfir háaltari Hólakirkju. Þá voru liðnar rúmlega tvær aldir frá fyrstu formlegu upptöku beinanna.⁵⁶ Nú veit hins vegar enginn lengur hvað um þau varð.

Viðhorf eftirmanna Guðmundar Arasonar á biskupsstóli gætu einnig brugðið birtu á sagnaritun um hann á 13. og 14. öld. Í B-gerð kemur fram að ritun sögunnar eigi sér langan aðdraganda:

52 Jørgen Raasted, „Helgener,“ í *Kulturhistorisk leksikon*, 6:324; Tryggvi Lundén, „Kanoni-sering,“ í *Kulturhistorisk leksikon*, 8:215–16.

53 André Vauchez, *Sainthood in the Later Middle Ages*, þýð. Jean Birrell (Cambridge: Cambridge University Press, 1997), 418.

54 *Islandske annaler*, 412 (*Flateyjarannáll*), 280–81 (*Lögmannsannáll 1376*); *Diplomatarium Islandicum*, 3:206–7.

55 *Islandske annaler*, 369 (*Gottskálks annáll*); *Diplomatarium Islandicum*, 3:682–83 (Heitbréf Norðlendinga 1403).

56 *Diplomatarium Islandicum*, 9:295 (Sigurðarregistur).

Nú biðjum vèr guð ok alla heilaga menn, at þessi frásögn verði öngum at ábyrg[ð] þeim er lesa eða rita, eða hær leggja nokkut gózs til í orðum eða öðrum góðum hlutum, því at hon þarf mjög góðra manna tillögu, því at hon hefir leingi í salti legit, ok eru nú allir dauðir, þeir er hana ætluðu langa at gera, ok gyost vissu ok bezt mundu vilja, ef þeim hefði lífit til enzt.⁵⁷

Ástæður tafanna koma ekki fram. Næsta aldarfjórðunginn eftir andlát Guðmundar var kirkjustjórn í biskupsdæminu að mestu í höndum tveggja norskra biskupa sem dvöldu langdvölum í Noregi og sýndu málefnum Hólastóls takmarkaðan áhuga,⁵⁸ en áhugi á vegsömun Guðmundar virðist hafa brotist fram af meiri styrk en áður eftir að Jörundur gerði gangskör að flutningi beinanna. Í lifanda lífi hafði Guðmundur verið umdeildur meðal forystumanna kirkjunnar fyrir ýmislegt í embættisfærslu sinni en sérstaklega þó vígslur brunna⁵⁹ og hugsanlegt er að það orðspor hafi valdið tregðu af hálfu kirkjufyrivalda.⁶⁰ Þá er hugsanlegt að efasemdir um stöðu hans innan kirkjunnar vegna brottvísunar úr embætti hafi einnig haft sín áhrif. Ekki var heldur orðið við þrábeiðni almennings um að taka upp helgan dóm Guðmundar en formleg yfirlýsing um dýrlingshelgi var helsta tilefni helgisagnaritunar um dýrlinga. Þrátt fyrir langan aðdraganda að ritun jarteinabókar Guðmundar og fyrstu helgisögu hans skorti því forsendur slíkrar ritunar vegna varfærni og jafnvel tortryggni kirkjufyrivalda, en þó fyrst og fremst vegna þess að formlegt tilefni var ekki fyrir hendi fyrir en bein Guðmundar höfðu verið tekin upp sem helgur dómur. Úr því greiddist aftur á móti eftir embættistöku Auðuns Þorbergssonar 1315.

Ekki er fyllilega ljóst hvernig á stefnubreytingu Auðuns stóð. Sérstakra

57 *GB*, í *BS*, 1:565.

58 Sjá til dæmis Jón Þ. Þór, „Saga biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal,“ í Gunnar Kristjánsson, ritstj., *Saga biskupsstólanna: Skálholt 950 ára — 2006 — Hólar 900 ára* ([s.l.]: Bókauktgáfan Hólar, 2006), 301–4. Bótólfur biskup kom til stóls á Hólum 1239 en þótti enginn skörungur. Hann hvarf af landi brott 1243 og andaðist í Noregi 1247. Eftirmaður hans var valinn Heinrekur Kársson sem kom að Hólum sumarið 1248. Heinrekur lét talsvert til sín taka í íslenskum stjórnámum en hafði lítinn áhuga á málefnum kirkjunnar. Hann andaðist í Noregi 1260 og hafði þá einungis dvalið á Hólum í fimm ár. Við embætti hans tók Brandur Jónsson ábóti og rithöfundur í Þykkvabæjarklaustri sem verið hafði mikill áhrifamaður innan kirkjunnar til margra ára en hann lést ári síðar. Óskar Guðmundsson, „Hólabiskupa ævir,“ í sama riti, 407–10.

59 *GB*, í *BS*, 1:571–83; *GC*, 70.–71. kafli; *GD*, í *BS*, 2:96–97.

60 Sjá Sverrir Tómasson, „Brunnið bréfasafn,“ 195.

fyrirboða er hvergi getið en fram kemur í *Lárentius sögu* að Hákon háleggur Noregskonungur (k. 1299–1319) hafi hvatt til vegsömunar Guðmundar Arasonar. Er Auðunn var valinn af klerkaráði erkibiskups í Niðarósi til að gegna biskupsembætti á Hólum var hann meðal stuðningsmanna konungs og gegndi embætti konunglegs féhirðis frá 1309. Viðhorf Hákonar hafa því án efa vegið þungt. Þá er þess einnig getið að góðfýsi Auðuns sjálfs hafi ráðið gjörðum hans. Einar Hafliðason nefnir hins vegar ekki fjárhagsleg sjónarmið enda hefði það vart samræmst tilgangi hans með ritun *Lárentius sögu*. Eftir að bein Guðmundar höfðu verið endurheimt úr leyndum legstað og áheiti leyfð tók fólk að streyma að staðnum enda var árnaðarmáttur dýrlinga að jafnaði talinn mestur við skrinlagðan helgan dóm þeirra.⁶¹ Því mátti gera ráð fyrir að áheitafé yrði biskupsstólnum á Hólum tekjulind. Rétt eins og Jörundur forðum hófst Auðunn biskup handa um endurnýjun Hólakirkju og stólinn hefur munað um það fé sem þangað barst vegna áheitanna. Nú var kirkjunni einnig orðin nauðsyn á helgisögu ásamt jarteinasafni og B-gerð er talin rituð af því tilefni.

Skálholtsannáll er eini annállinn sem nefnir færslu Orms biskups Áslákssonar (b. 1342–56) á beinum Guðmundar Arasonar árið 1344 og sannleiksgildi frásagnarinnar hefur af þeim sökum verið dregið í efa,⁶² en kveðskapur og helgisagnaritun um Guðmund skömmu eftir að Ormur kom til stóls styður sannleiksgildi þess sem annállinn segir um beinafærsluna. Tilefni hennar er óljóst en vísa eftir Arngrím Brandsson er samtímaheimild um áhuga Orms biskups á því að efla dýrlingsorðspor Guðmundar:

Ilmar slíkt um allan hólmann,
Ormr biskup veldr þeirri forman,
beiðist hann með björtum kvæðum
biskups heiðr að víða reisist;
verðr Guðmundr efri jörðu
elsku Baldr ef þyrma valdi,
drottinn efli hann mildr og máttugr
mána hjarls til slíkrar vánar!⁶³

61 Benedicta Ward, *Miracles and the Medieval Mind: Theory, Record and Event 1000–1215* (London: Scolar Press, 1982), 33–36.

62 Skórzewska, *Constructing a Cult*, 232–34.

63 *GD*, í *BS*, 2:169. „Slíkt ilmar um allt Ísland. Ormur biskup veldur þeirri tilhögun. Hann beiðist þess, að heiður biskups berist víða með ljósum kvæðum. Guðmundur verður ástsæll

Vísan hefur verið talin tilheyrja *Guðmundar drápu Arasonar* sem Arngrímur orti 1345. Þótt vafi getið leikið á því hefur vísan líklega verið samin um líkt leyti eða skömmu síðar, ef til vill í tengslum við ritun D-gerðar, og líklegt er að samhengi sé milli endurupptöku helgra dóma Guðmundar og ritunar annarrar hvorrar yngri sagna hans.⁶⁴ Nákvæmur ritunartími þeirra liggur ekki fyrir en áætluð tímamörk skarast árið 1344 þar sem C-gerð er álitin rituð fyrir 1345 en D-gerð í fyrsta lagi 1343.⁶⁵ Vegna umsvífa sinna í biskupssembætti var Ormur Ásláksson ekki síður fjárþurfi en Auðunn Þorbergsson og efling átrúnaðar á Guðmund með endurupptöku beina hans hefði orðið biskupsstólnum á Hólum tekjulind.⁶⁶

Meðferð kirkjuyfirvalda á jarðneskum leifum Guðmundar Arasonar sýnir að breytt viðhorf til vegsömunar dýrlinga voru tekin alvarlega hér á landi á síðari hluta 13. aldar en hvarf á beinum úr gröf Guðmundar gefur aftur á móti til kynna að almenningur hafi verið á annarri skoðun. Helsta skýringin á stefnubreytingu Auðuns Þorbergssonar er hvatning Hákonar Noregskonungs ásamt sívaxandi fjárþörf Hólastóls vegna aukinna umsvífa sem helst fram á daga Orms Áslákssonar. Viðhorf þeirra biskupa sem létu sig varða vegsömun Guðmundar Arasonar hafa vafalaust einnig um leið haft áhrif á framvindu sagnaritunar um Guðmund góða á tímabilinu 1275–1350.

sem Baldur á himnum, ef hann kýs að miskunna(?). Drottinn himinsins mildur og máttugur efli hann til slíkrar vonar.“ Samantekt Guðna Jónssonar í útg. hans *Byskupa sögur*, 3. b., *Hólabyskupas* (Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1948), 466.

64 Jón Helgason, formáli hans að *Byskupa sögum: MS Perg. Fol. No. 5 in the Royal Library of Stockholm*, Corpus codicum Islandicorum medii aevii, 19. b. (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1950), 21.

65 Stefán Karlsson, „Guðmundar sögur biskups,“ 153–71.

66 Sbr. Guðrún Ása Grímsdóttir, formáli hennar að *Biskupa sögum*, 3. b., lxxi.

HEIMILDASKRÁ

FRUMHEIMILDIR

- Árna saga biskups*. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Í *Biskupa sögur*. 3. b. Íslenzk fornrit. 17. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003.
- Biskupa sögur*. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. 2 b. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858–78.
- Byskupa sögur*. Útg. Guðni Jónsson. 3 b. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1948.
- Hungrvaka*. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Í *Biskupa sögur*. 2. b. Íslenzk fornrit. 16. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2002.
- Islandske annaler indtil 1578*. Útg. Gustav Storm. Det norske historiske Kildeskriftfonds Skrifter. 21. b. Ósló: Norsk historisk kildeskriftfond, 1888.
- Diplomatarium Islandicum: Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörminga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Útg. Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson, Páll Eggert Ólason og Björn Þorsteinsson. 16 b. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857–1972.
- Jóns saga ins helga*. Útg. Peter Foote. Í *Biskupa sögur*. 1. b. Íslenzk fornrit. 15. b., síðari hluti. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003.
- Lárentius saga biskups*. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Í *Biskupa sögur*. 3. b. Íslenzk fornrit. 17. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003.
- Þorláks saga A*. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Í *Biskupa sögur*. 2. b. Íslenzk fornrit. 16. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2002.

EFTIRHEIMILDIR

- Callam, Daniel og John Howe. „Translation of Saints.“ Í Joseph R. Strayer, ritstj. *Dictionary of the Middle Ages*, 12:144–45. New York: Charles Scribner's Sons, 1989.
- Foote, Peter G. „Bishop Jörundur Þorsteinsson and the Relics of Guðmundr inn góði Arason.“ Í Benedikt S. Benedikz, ritstj. *Studia Centennialia in honorem memoriae Benedikt S. Þórarinnsson*, 98–114. Reykjavík: Ísafold, 1961.
- Fritzner, Johan. *Ordbog over det gamle norske sprog*. 2. útg. 3 b. Ósló: Den norske forlagsforening, 1886–96.
- Geary, Patrick J. *Furta sacra: Thefts of Relics in the Central Middle Ages*. 2. útg. Princeton: Princeton University Press, 1990.
- Guðbjörg Kristjánsdóttir. „Dómkirkjur.“ Í Gunnar F. Guðmundsson. *Kristni á Íslandi*. 2. b., *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, 154–64. Reykjavík: Alþingi, 2000.

- Guðrún Ása Grímsdóttir. Formáli hennar að *Biskupa sögum*. 3. b., *Árna saga biskups; Lárentius saga biskups; Söguþáttur Jóns Halldórssonar biskups; Biskupa ættir*, v–cxxii. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Íslenzk fornrit. 17. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003.
- Gunnar F. Guðmundsson. *Kristni á Íslandi*. 2. b., *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Hægstad, Marius og Alf Torp. *Gamalnorsk ordbok med nynorsk tyding*. Ósló: Det norske samlaget [Landsmaals-laget], 1909.
- Hörður Ágústsson. *Dómsdagur og helgir menn á Hólum: Endurskoðun hugmynda um fjalirnar frá Bjarnastaðahlíð og Flatatungu*. Þjóðminjasafn, Staðir og kirkjur. 2. b. Reykjavík: Bókmenntafélagið, 1989.
- Jón Helgason. Formáli hans að *Byskupa sögum: MS Perg. Fol. No. 5 in the Royal Library of Stockholm*, 7–22. Corpus codicum Islandicorum medii aevii. 19. b. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1950.
- Jón Helgason. *Íslands kirke fra dens Grundlæggelse til Reformationen: En Historisk Fremstilling*. Kaupmannahöfn: Gad, 1925.
- Jón Þ. Þór. „Saga biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal.“ Í Gunnar Kristjánsson, ritstj. *Saga biskupsstólanna: Skálholt 950 ára — 2006 — Hólar 900 ára*, 245–401. [s.l.]: Bókaútgáfan Hólar, 2006.
- Lundén, Tryggvi. „Kanonisering.“ Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*. 22 b., 8:215–21. Reykjavík: Bókaverzslun Ísafoldar, 1956–78.
- Magerøy, Hallvard. „Guðmundr góði og Guðmundr ríki: eit motivsamband.“ *Maal og minne* (1959):22–34.
- Magnús Már Lárusson. „Auðunn rauði og Hólakirkja.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1960 (1960):5–18.
- . „Kapel (Island).“ Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*. 22 b., 8:255. Reykjavík: Bókaverzslun Ísafoldar, 1956–78.
- Raasted, Jørgen. „Helgener.“ Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*. 22 b., 6:324. Reykjavík: Bókaverzslun Ísafoldar, 1956–78.
- Skórzewska, Joanna A. *Constructing a Cult: The Life and Veneration of Guðmundr Arason (1161–1237) in the Icelandic Written Sources*. The Northern World. 51. b. Leiden: Brill, 2011.
- Stefán Karlsson. „Guðmundar sögur biskups: Authorial Viewpoints and Methods.“ Í Guðvarður Már Gunnlaugsson, ritstj. *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*, 153–71. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit. 49. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2000.
- Sverrir Tómasson. „Brunnið bréfasafn.“ Í *Tækileg vitni: Greinar um bókmenntir gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 5. apríl 2011*, 191–96. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011.

- Vauchez, André. *Sainthood in the Later Middle Ages*. Þýð. Jean Birrell. Cambridge: Cambridge University Press, 1997.
- Ward, Benedicta. *Miracles and the Medieval Mind: Theory, Record and Event 1000–1215*. London: Scolar Press, 1982.
- Weinstein, Donald og Rudolph M. Bell. *Saints and Society: The Two Worlds of Western Christendom, 1000–1700*. Chicago: University of Chicago Press, 1982.

SUMMARY

A Story of Bones: On the Translation of Bishop Guðmundur góði Arason's Bones and their Elevation as Relics.

Keywords: Bishop Guðmundur góði Arason, *Guðmundar sögur biskups*, C-version of *Guðmundar saga*, veneration of saints, translation of saintly bones (*translatio*), written accounts of saintly translations (*translationes*), enshrinement.

Bishop Guðmundur Arason of Hólar (b. 1203–37) was a controversial person, even after his death. Written sources indicate that laymen tried to promote his veneration, but the leaders of the Icelandic Church resisted the elevation of his bones as relics, which was a necessary part in the formal act of declaring him a saint. During the episcopate of Jörundur Þorsteinsson (b. 1267–1313) the bones of Guðmundur Arason were elevated from its original grave and secretly transferred within the church of Hólar where they were kept hidden from his followers until he was finally declared a saint in 1315 at the instigation of Auðunn raudí Þorbergsson bishop of Hólar (b. 1313–22). The textual sources are scattered but the most thorough ones are the so-called C-version of *Guðmundar saga* in the MS AM Holm. papp. 4 4to, which has never been printed except for a short fragment, and *Lárentius saga biskups*. Bishop Jörundur's treatment of Guðmundr's bones is interesting while it reveals conflicts between the acknowledged policy of the church authorities and laymen. Furthermore, it may shed some light on the diffident progress of saga writing about bishop Guðmundur, despite textual evidence that such writing was planned as early as at the middle of the thirteenth century.

Gunnvör S. Karlsdóttir
 Doktorsnemi í íslenskum miðaldabókmenntum
 Háskóla Íslands
 Árnagarði við Suðurgötu
 IS-101 Reykjavík
 gunnvork@hi.is